



Akraneskaupstaður

Skjal nr.	Mött. af	Mött. dags.
1. 2	Gsó	11. JUNI 2020
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SH	SH	2006169

Reykjavík 08 júní 2020

Svala Hreinsdóttir  
Sviðsstjóri velferðarsviðs  
Akraneskaupstað  
Stíllholt 13-16  
300 Akranes

### **Varðar: Styrkumsókn.**

Í Klúbbnum Geysi er boðið uppá endurhæfingu fyrir einstaklinga sem eiga eða hafa átt við geðraskanir að stríða. Meginmarkmið klúbbsins er að styðja klúbbfélaga til að verða virkir einstaklingar í þjóðfélaginu á ný eftir veikindi. Það er gert með virkri þátttöku þeirra í starfi Klúbbsins og aðstoð við að komast út á almennan vinnumarkað eða í nám, samhliða endurhæfingu í klúbbnum.

Klúbburinn Geysir hóf starfsemi sína haustið 1999 og urðum við 20 ára á síðasta ári. Í dag eru félagar 478 talsins. Árið 2019 mættu að meðaltali 21 félagar á hverjum degi. Deildir klúbbsins eru tvær: Eldhús- og viðhaldsdeild og skrifstofu- atvinnu- og menntadeild. 285 félagar nýttu sér þjónustu Klúbbsins Geysis árið 2019.

***Klúbburinn Geysir er eina endurhæfingarárræði sinnar tegundar á Íslandi fyrir geðsjúka. Flestir sem sækja hann eru af höfuðborgarsvæðinu og bæjarfélögum í nágrenni Reykjavíkur.***

### **Um áramótin 2019 til 2020 voru 8 skráðir félagar með lögheimili á Akranesi**

Frá upphafi starfseminnar hefur fjöldi klúbbfélaga hafið störf á almennum vinnumarkaði eða farið í nám. Á árinu 2019 voru 12% féлага í vinnu og 32% í námi af þeim sem spurðir voru í árangurskönnun 2019. Klúbburinn hefur sett sér skýr markmið um að hækka þetta hlutfall jafnt og þétt. Árangurinn er að sjálfsögðu til góða fyrir félagana en ekki síður fyrir þjóðfélagið í heild.

Klúbburinn fer reglulega í gegnum ítarlegt sjálfsmat á starfinu og eru fengnir erlendir aðilar frá Clubhouse International til að taka starfið út. Klúbburinn fékk þriggja ára vottun á gæði starfseminnar í maí 2020, sem gildir til 31.maí 2023.